

Fundargerð 14. fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.
Fundurinn haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mánudaginn 28. apríl 2014.

Mættir: Halldór Runólfsson, Elvar Knútur Valsson, Jón Geir Pétursson. Jafnframt sat Danfríður Skarphéðinsdóttir fundinn.

Forföll: Stefán Stefánsson og Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri

Fundargerð: Halldór Runólfsson ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Nordic Bioeconomy Panel

Halldór rakti sögu málsins og að málið hefði verið kynnt fyrir Jörundi í forsætisráðuneytinu og þar hafi verið tekið vel í að koma þessu máli inn á fund norrænna forsætisráðherra í lok maí. Fyrir lægi drög að texta um nauðsyn á slíkum Panel frá Geir í Kaupmannahöfn. Einnig hefði Hörður og Sigrún Elsa frá Matís komið á fund verkefnisstjórnarinnar og þessi mál rædd – en Hörður er meðlimur í The European Bioeconomy Panel. Beðið væri eftir tillögum frá Matís um lagfæringar á texta Geirs.

3. Dagskrá ráðherrafundar FJLS 26. júní nk.

Halldór lagði fram drög að dagskrá fundarins, en hann er í þremur liðum:

- a) 9.00 – 12.00 Pólitískur fundur
 - b) 12.00 – 13.00 Matarhlé, þar sem ráðherrarnir sitja einir og ræða samna óformlega
 - c) 13.00 - 17.00 Formlegur FJLS ráherrafundur
-
- a) Á pólitíska fundinum verður umræðuefnið um „Áhrif loftlagsbreytinga á náttúruauðlindir og þar með á Norræna lífhagkerfið“. NMRS er að vinna í að finna góða fyrirlesara – en formenskan verður að finna góðan fundarstjóra. Jón Geir tók að sér að tala við Brynhildi Davíðsdóttur hjá HÍ.
 - b) Þessum lið ræður Sigurður Ingi ráðherra FJLS.
 - c) Tillaga liggur fyrir frá NMRS – sem ekki var gerð athugasemd við.

4. Samningar NMRS um einstök verkefni

Formaður greindi frá því að samningsdrög vegna NordBio verkefna hafa enn ekki borist frá NMRS, en ítrekað hefur verið óskað eftir þeim.

Þá var rætt um að óska eftir því við NMRS að hefja sem fyrst undirbúning að samningi vegna annarra verkþátta NordBio, en gert áætlað er að kostnaðaráætlun vegna þeirra verði staðfest af Norræna stýrihópnum og EK-FJSL í júní.

5. Önnur mál

a) Norræni stýrihópurinn

Danfríður hefur sent út fundargerð vegna síðasta fundar stýrihópsins. Næsti fundur hjá hópnum verður 24. júní.

b) Verkefnið „Grænn vöxtur“

Elvar greindi frá verkefninu sem væri í tengslum við forsætisráðuneytið og umræður væru í gangi um nánari útfærslu hér á landi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.